

Fundur í Framkvæmdanefnd 22. ágúst 2022

Fundarmenn: Anna Guðrún Sigurvinsdóttir, Einar Már Sigurðarson, Skúli Ólafsson og Birgir Gunnarsson

Dagskrá:

1. Trúnaðarmál

Fært í trúnaðarbók.

2. Prestbústaður á Dalvík

Samþykkt að framlengja leigusaming við prestinn á staðnum um 6 mánuði eða til 1. júní á næsta ári.

3. Verkís

Heimir hjá Verkís mætti á fundinn og fór yfir mat á kostnaði við endurbætur á Háleitisbraut 66. Fram kom hjá honum að kostnaður við endurbætur sé varlega áætlaður og má gera ráð fyrir að endurbætur kosti talsvert meira. Ekki er gert ráð fyrir hita- og raflögnum, gluggum, einangrun og tækjum í eldhús í áætluninni o.fl. Einnig rætt um uppsetningu á hrunvörn af þaki Skálholtskirkju sem ekki var gert ráð fyrir í kostnaðaráætlun.

4. Sálmaþókarnefnd

Fulltrúar nefndarinnar fóru yfir stöðu mála varðandi útgáfu og vinnu við sálmaþókina, bókin er í prentun og kemur út á næstunni. Vinna er í gangi við rafræna útgáfu bókarinnar og var farið yfir áætlaða tíma við þann frágang. Framkvæmdanefnd leggur áherslu á mikilvægi þess að ná utan um heildarkostnað við sálmaþókina og að verkefnið miðist við fjárhagsáætlun hverju sinni.

Málið verður rætt aftur á næsta fundi framkvæmdanefndar.

5. Skálholt – erindi frá rekstraraðilum hótelsins

Tekið fyrir erindi frá rekstraraðilum hótelsins þar sem beðið er um umsögn um byggingu á sólpalli með heitum pottum og saunaklefa. Framkvæmdanefnd tekur jákvætt í erindið en gerir ekki ráð fyrir að neinn kostnaður falli á þK og að allar breytingar verði unnar í samráði við hönnuði hússins.

6. Skálholt – erindi frá sóknarpresti

Í erindinu er farið yfir stöðu mála varðandi íbúðamál sóknarprestsins í Skálholti en framkvæmdum við prestbústaðinn er í biðstöðu. Til skoðunar er að segja upp leigu í Mosfelli og presturinn flytji þangað.

7. Heydalir

Tveir aðilar hafa falast eftir að taka húsnæðið á staðnum á leigu. Samþykkt að framlengja samning við núverandi leigutaka.

8. Prestbústaður á Ólafsfirði

Tilboð er komið í eignina Hlíðarveg 42, Ólafsfirði, samþykkt að gera gagntilboð.

9. Málefni Reykholts

Ragnildur Ben og Eiríkur fóru yfir málefni tengd álagningu lóðarleigu í Reykholti, Eiríkur mun skoða þetta nánar. Einnig rætt um stöðu mála varðandi hitaveitu Reykhólts.

Fundi slitið kl 11.43

Fundarritari: Birgir Gunnarsson